

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kvennaathvarfið.

1. gr.

Kvennaathvarfið er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Samtök um kvennaathvarf, kt. 410782-0229, Hverfisgötu 12, 101 Reykjavík, eru stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar og leggja henni til stofnfé sem samanstendur af fasteign samtakanna. Verðmæti stofnfjárins er samkvæmt greinargerð endurskoðanda kr. 51.077.255. Þar af skal óskerðanlegt stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar vera kr. 926.000.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar er heimilt að ráðstafa fasteigninni í þágu markmiða stofnunarinnar, þar á meðal með því að selja fasteignina og kaupa aðra hentugri. Við allar ráðstafanir stjórnar skal þess gætt að ekki sé gengið á hið óskerðanlega stofnframlag. Skulu ákvarðanir stjórnar hvað þetta varðar, styðjast við greinargerð löggilts endurskoðanda, þar sem staðfest er að stofnframlagið sé til staðar þrátt fyrir slíkar ráðstafanir. Ennfremur skal leitað samþykkis sýslumanns fyrir sölu eða veðsetningu fasteignar, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Stofnandinn ber engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar og leggur ekki aðrar kvaðir á hana en fram kemur í þessari skipulagsskrá.

2. gr.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fyrir hendi sé húsnæði og aðrar rekstrarforsendur til uppbyggingar og starfsemi athvarfs fyrir konur og börn þeirra.

Stofnunin starfar í nánum tengslum við Samtök um kvennaathvarf, sem eru frjáls félagasamtök og hafa verið rekstraraðili kvennaathvarfs frá 6. desember 1982. Stofnunin er bakhjarl samtakanna og hefur stjórn stofnunarinnar því heimild til þess að leggja samtökunum til húsnæði og annan stuðning vegna starfsemi þeirra. Einnig er stjórninni heimilt að styrkja aðra aðila sem starfa að sambærilegum málum og Kvennaathvarfið.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa:

1. 2 fulltrúar kosnir á aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf.
2. Formaður stjórnar Samtaka um kvennaathvarf.

Varastjórn stofnunarinnar skipa:

1. 2 fulltrúar kosnir á aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf.
2. Stjórnarkona úr stjórn Samtaka um kvennaathvarf.

Heimilt er í starfsreglum sem stjórn setur sér, að mæla svo fyrir að varastjórn sitji stjórnarfundi. Varastjórnarfulltrúi á þó einungis atkvæðisrétt á stjórnarfundi ef forföll verða af hálfu þess fulltrúa í aðalstjórn sem hann er varamaður fyrir skv. ofangreindri skipan.

4. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal standa vörð um hlutverk og eignir hennar. Stjórnarfundi skal boða með tryggilegum hætti og er fundurinn lögmætur ef mætt er af hálfu meirihluta stjórnarmanna með atkvæðisrétt. Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og fjárvörslu stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita fjárhagslegan stuðning til starfsemi kvennaathvarfs.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar ráðstafar tekjum hennar, skv. 5. gr. skipulagsskrár þessarar, í þágu tilgangs hennar, meðal annars með því að styrkja Samtök um kvennaathvarf og aðra aðila sem starfa á þessu sviði á Íslandi.

5. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru eftirfarandi:

- a) framlög frá ríki og sveitarfélögum til uppbyggingar og starfsemi kvennaathvarfs,
- b) vextir af eignum stofnunarinnar og
- c) aðrar tekjur, t.d. gjafir, áheiti og framlög frá fyrirtækjum og öðrum stofnunum.

Viðtaka sjálfseignarstofnunarinnar á gjöfum skal bundin því skilyrði að kvaðir eða aðrir skilmálar við meðferð gjafarinnar samrýmist markmiðum og tilgangi stofnunarinnar.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningsskilavenjur og endurskoðaðir samkvæmt ákvæðum laga. Fyrstu reikningar sjálfseignarstofnunarinnar skulu gerðir upp fyrir tímabilið frá stofnun og fram til loka árs 2010.

Endurskoðandi sjálfseignarstofnunarinnar er valinn af aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf til eins árs í senn.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki aðalfundar Samtaka um kvennaathvarf. Afl atkvæða ræður við slíka atkvæðagreiðslu. Breyting á skipulagsskrá þarf einnig að hljóta samþykki meirihluta stjórnar, sbr. þó 2. mgr.

Skipulagsskránni skal ennfremur breyta ef meiriháttar breytingar verða á starfsemi Samtaka um kvennaathvarf eða öðrum rekstrarforsendum fyrir uppbyggingu og starfsemi athvarfs fyrir konur og börn þeirra, sbr. upphafsmálgrein 2. gr. Í þeim tilvikum er stjórninni heimilt að standa ein að breytingum á skipulagsskránni til þess að tryggja að megintilgangi sjálfseignarstofnunarinnar verði áfram náð.

Sama gildir ef sjálfseignarstofnunin er lögð niður, en fjármunum hennar skal þá varið í samræmi við markmið hennar eða skyld markmið. Beiðni um niðurlagningu, sem send er sýslumanni, skal vera rökstudd ásamt tillögu um hvernig ráðstafa skuli eignum stofnunarinnar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari, sem samþykkt var á framhalds-aðalfundi Samtaka um kvennaathvarf þann 17. nóvember 2009. Sama gildir um breytingar sem kunna að verða gerðar á skipulagsskránni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 28. september 2010.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.